

Vogur er sjúkrahús – ríkið verður að tryggja skýra faglega yfirstjórn

Ályktun Róttarinnar 9.9.2026

Róttín telur að átökin sem nú standa yfir innan SÁÁ séu enn ein birtingarmynd langvarandi veikleika í stjórnskipulagi þeirrar heilbrigðisþjónustu sem samtökin reka. Vandinn verður ekki leystur með því að skipta um stjórnendur. Ríkið ber ábyrgð á að tryggja að skýr mörk séu milli framkvæmdastjórnar SÁÁ og faglegrar yfirstjórnar sjúkrahússins Vogs og annarrar heilbrigðisþjónustu samtakanna.

Félagasamtökin SÁÁ eru sprottin úr íslensku 12 spora hreyfingunni og byggðu meðferð sína upp á Minnesota-líkaninu. Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotasérfræðingur, hefur lýst því hvernig þessi hreyfing náði einstaklega sterkri stöðu á Íslandi, varð stór þjónustuveitandi ríkisins og hafði víðtæk áhrif á faglega og pólitíska stefnu í vímuefnamálum. Hún lýsir jafnframt miklu leiðarhæði í þróun kerfisins þ.e. þegar ákvarðanir sem teknar voru fyrir áratugum hafa mótað það og gert erfitt um vik að breyta um stefnu.

Félagasamtökum er frjálst að hafa hugmyndafræði, gildi og ákveðna sýn á bata. Fólk má sækja 12 spora starf og hafa gagn af því. En sjúkrahús sem veitir heilbrigðisþjónustu sem er á fjárlögum ríkisins þarf að lúta öðrum kröfum: faglegri ábyrgð, þjónustu sem byggir á bestu fánlegu þekkingu og einstaklingsmiðuðu mati, gæðastarfi, sjúklingaöryggi og réttindum þeirra sem þjónustuna nota.

Hildigunnur bendir á að upphaflega hafi SÁÁ verið leitt af fólki í bata sem kynnti eigin reynslu af bandarískri meðferð sem sérfræðiþekkingu og að hreyfingin hafi síðar öðlast mjög sterka valdastöðu gagnvart þeim fagstéttum sem áður báru ábyrgð á meðferð fólks með vímuefnavanda.

Á meðan framkvæmdastjórn SÁÁ hefur raunverulegt vald yfir rekstri sjúkrahúss og heilbrigðisþjónustu án þess að mjög skýr og formleg mörk séu milli valds framkvæmdastjórnar og faglegrar yfirstjórnar munu átök eins og þau sem nú hafa komið upp á yfirborðið halda áfram að skjóta upp kollinum.

Athygli vekur einnig, eftir því sem Róttín fær best séð, er enginn í núverandi aðili í framkvæmdastjórn SÁÁ með háskólamenntun í heilbrigðisgreinum. Tveir stjórnarmenn eru löggiltir áfengis- og vímuefnaráðgjafar, en sú menntun er ekki enn komin á háskólastig.

Þetta væri ekki endilega sérstakt áhyggjuefni ef hlutverk félagsstjórnarinnar gagnvart faglegu starfi heilbrigðisþjónustunnar væri skýrt afmarkað. En einmitt þar virðist vandinn liggja. Í umræðunni nú lýsir fyrrverandi framkvæmdastjóri lækninga ágreiningnum sem óljósum mörkum milli stjórnar félagasamtaka og faglegrar stjórnunar, á meðan formaður SÁÁ segir framkvæmdastjórnina sinna eðlilegu eftirliti með framkvæmd samninga og hafnar því að stjórnin hafi farið inn á faglegt svið.

Þetta er ekki fyrst og fremst spurning um hvaða einstaklingar sitja í stjórn eða gegna faglegum stjórnunarstöðum hverju sinni. Heilbrigðiskerfi á ekki að vera svo háð

einstaklingum að grundvallarágreiningur um vald og faglega ábyrgð geti sett mikilvæga þjónustu í uppnám.

Fólk sem leitar sér þjónustu vegna vímuefnanotkunar á rétt á því að þjónustan ráðist af þörfum þess, bestu fánlegu þekkingu og faglegu mati – ekki af því hvaða hugmyndafræði hefur yfirhöndina í stjórn félagasamtaka.

Heilbrigðiskerfið þarf jafnframt að tryggja raunverulegt val um ólíkar meðferðarleiðir. Kerfislægar aðstæður þar sem ein tiltekin sýn á vímuefnavanda, bata eða bindindi verður í reynd ráðandi vegna sögulegrar stöðu eins þjónustuveitanda er ekki boðleg staða.

Þetta gerist jafnframt í heilbrigðisþjónustu sem býr þegar við takmarkaða faglega burði. Í úttekt Thomasar Kattau fyrir heilbrigðisráðuneytið árið 2024 er bent á takmarkaða þjónustugetu, undirmönnun og skort á sérhæfðu starfsfólki og sérstaklega lagt til að efla menntun og hæfni fagfólks á þessu sviði (<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024-11-01-Afengis-og-vimuefnamedferd-a-Islandi-stodumat/>). Þegar reynslumikið fagfólk hverfur úr kerfinu, hvort sem það er vegna uppsagna eða þess að aðstæður leiða til brotthvarfs eins og nú hefur gerst þá er brýnt að spyrja hvar á að finna nýtt fagfólk.

Vogur er sjúkrahús.

Ríkið hefur falið SÁÁ að reka mjög mikilvægan hluta heilbrigðisþjónustu við fólk með vímuefnavanda og ábyrgð ríkisins hverfur ekki þegar þjónustunni er útvistað samkvæmt samningi til félagasamtaka.

Ríkið þarf að tryggja að stjórnskipan þjónustunnar verndi faglegt sjálfstæði, gæði, samfellu og réttindi sjúklinga. Það þarf jafnframt að tryggja að kerfið sé ekki svo háð einum þjónustuveitanda eða örfáum einstaklingum að innri átök geti sett mikilvæga heilbrigðisþjónustu í uppnám.

SÁÁ bera einnig skýra ábyrgð, bæði sem rekstraraðili heilbrigðisþjónustu og sem almannaheillasamtök sem eiga að lúta kröfum um góða stjórnarhætti, ábyrgð og gagnsæi.

Róttín telur tímabært að heilbrigðisyfirvöld taki stjórnskipan heilbrigðisþjónustu SÁÁ til sérstakrar skoðunar og tryggi með formlegum hætti sjálfstæði faglegrar yfirstjórnar, skýra ábyrgð, gæði þjónustunnar og réttindi sjúklinga og hefur sent heilbrigðisráðherra erindi þar um (<https://rotin.is/ahyggjur-af-stodu-medferdarstarfs-saa-eftirliti-med-thjonustusamningi-og-skipan-styrihops-um-afengis-og-vimuefnamedferd/>).

Annars er hætt við að við verðum aftur komin á sama stað eftir nokkur ár – með nýtt fólk en sama kerfisvandann.

Virðingarfyllst, f.h. Rótarinnar,



Kristín I. Pálsdóttir
Talskona og framkvæmdastjóri
GSM 8939327